

UMRÆÐAN

Dómsdagur

PEGAR rýnt er í skjöl og heimildir tengd svonefndu Sólborgarmáli kemur margt athyglisvert í ljós og viljum við benda á nokkur atriði.

Embættisfærsla kirkjubókar Svalbarðssóknar er ekki færð sem skyldi í embættistíð sr. Ólafs Petersen, t.a.m. vantar nöfn Sólborgar og Árnínu dóttur hennar yfir innskoma í sóknina árið 1891, þá komu þær mægður frá Heiði á Langanesi að Svalbarði. Þá er ekki heldur skráð brottför Árnínu þegar hún fer sem niðursetningur frá Svalbarði að Saudanesi 1893. Einnig vantar skrá um fæðingu og greftrun barnsins sem málið snerist um, skv. bókinni var það aldrei til.

Það vekur líka athygli okkar að fyrstu tvö árin býr prestur einn með hjúum sínum á Svalbarði, þar eru hjá honum Sigurjón og Guðbjörg Bjarnadóttir, móðir hans, ásamt þremur hjúum öðrum, allt þetta fólk að Sigurjóni undanskildum fer af staðnum 1891, sama ár og Ólafur kvænist Ástríði Stefánsdóttur Stephensen.

Með henni koma eftirtalin hjú

Sólborgarmál

Það er undarlegt að láta svona út af Dómsdegi, segja Sveinn

Valdimar Jónasson og Vigdís Sigurðardóttir, ekki var það gert, þegar Einar orti kvæðið „Hvarf séra Odds frá Miklabæ“.

á staðinn, Jón Bjarnason, k.h. Abegael Guðmundsdóttir ásamt Önnu Guðmundsdóttur, systur hennar, og Ragnheiði Magnúsdóttur, allt þetta fólk kemur frá Vatnsfirði, við bætast svo mæðgurnar.

Ragnheiður fer að Sjóarlandi vorið 1892, en í hennar stað koma Vigfús Hjartarson og k.h. Kristín Jónsdóttir, frá Torfastöðum í Vopnafirði, þar sem hann var í vist hjá mági Ástríðar.

Komum nú að sjálfu málinu, þar sem sitja þrjú skólabræður og vinir, Einar Benediktsson, settur rannsóknaraðili, sr. Ólafur, eitt af vitnunum í málinu og lækurinn Björn Blöndal, skipaður réttarskrifari, nokkuð vekur þetta athygli, ekki síst ef það er einnig skodað að hann ásamt hreppstjóranum, Hirti Þorkelssyni, er skírnavottur allra barna prestshjónanna, en Hjörtur skrifar kærubréfið til sýslumanns.

Vitni í málinu virðast einungis vera prestshjónin og vinnukonur þeirra, Abigael og Kristín, ekki er kallað á vinnumennina Jón og Vigfús eða Ragnheiði sem er á Sjóarlandi né Guðbjörgu, það er kannski eðlilegt að hún sé ekki kölluð til vitnis því hún fór að Þverá í Óxarfirði vorið 1892.

Skv. grein Tómasar Guðmundssonar á Sigurjón að hafa játað samlíf þeirra systkina að kvöldi 12. janúar 1893 stuttu áður en Sólborg tók inn refaeitrið strykni og dó, daginn eftir er réttinum framhaldið og hann spurður nánar um ýmis atriði, en við hlið hans í stofunni stóð lík Sólborgar uppi.

Um eitrið sem hún á að hafa tekið, er sagt að það sé bragðvont og seinvirkt nema að viðkomandi hafi verið fastandi fyrir inntöku í 1 til 3 sólarhringa.

Annars er það undarlegt hvað Einar Benediktsson gerir góða ferð þessa janúardaga 1893, eftir rannsókn sína á Svalbarði heldur hann til Raufarhafnar og kaupir þar hinn 23. jarðirnar Borgir, Kollavík og Kollavíkursel í Pistilfirði, kaupunum er þinglýst á Svalbarði í júní s.á.

Það er óskiljanlegt, ef Sólborg og Sigurjón voru í raun og sannleika að draga sig saman hvers vegna þeim var þá ekki stíað í sundur, það voru hæg heimatökin að hafa hjúaskipti á öðru þeirra eða að senda til Vesturheims.



Sveinn Valdimar Jónasson



Vigdís Sigurðardóttir

Ólíklegt er að þau hafi ekkert þekkt er Sólborg kom að Svalbarði, þau eru bæði fædd á

heim í Prúðvang. Var það ekki bara vond samviska yfir því að hafa dæmt saklausan mann í

Langanesi, Sólborg 1864 á Ásseli, næst yngst af átta börnum hjónanna Guðbjargar og Jóns Benediktssonar. Eftir lát hans, 1865, fer Guðbjörg að Höfða og eignast þar soninn Sigurjón 1868 með Einari Jónssyni.

Einnig má spyrja að því, ef þau voru sek hvers vegna Einar Benediktsson varð þá svo hræddur þegar hann þóttist sjá Sigurjón í Reykjavík á þriðja áratugnum að hann forðaði sér

fangelsi? Annars má Einar hafa verið afskaplega mannglögur að „þekkja“ aftur mann sem hann hafði ekki séð í 30 ár. Það er ósennilegt að Sigurjón hafi verið þarna á ferð, hann var þá verkamaður á Raufarhöfn, búinn að búa þar í rúm 20 ár með konu sinni, þau eignuðust dóttur sem dó átta ára, svo afkomendur á Sigurjón enga, aftur á móti á Sólborg afkomendur.

Það er undarlegt að látið sé svona út af Dómsdegi, ekki var það gert þegar Einar orti kvæðið „Hvarf séra Odds frá Miklabæ“, þótt hann færi þar ekki eftir skriflegum heimildum heldur munnmælum, eins og Egill Eðvarðsson gerir í myndinni.

Höfundar stunda ættfræðigrúsk.

Stefán í 2.-3. sæti

Ísland í Evrópusambandið

Gegn aðskilnaðarstefnu stjórnvalda

Kvótinn er eign allra

Við fáum aldrei annað land

Velferð hagkvæm nauðsyn

Reykvíkingar vilja jafnan atkvæðisrétt

Verum með í nýrri Evrópu

Þökkum ykkur stuðninginn

Kosningaupplýsingar, sími 552 7125

Akstur á kjörstað, sími 5527114

Gleðilegan prófkjörsdag

Stuðningsmenn

Tökum þátt í prófkjörinu í dag

Velferð fólks - verndun umhverfis